

Birkiskáli II í Vatnaskógi

Greinargerð um framkvæmdir og
fjármögnun



Skógarmenn KFUM
september 2015

Efnisyfirlit

Vatnaskógur - nokkrar upplýsingar	bls. 3
Uppbygging Vatnaskógar	bls. 3
Byggingarnefnd	bls. 4
Birkiskáli II	bls. 4
Hönnun hússins	bls. 4
Bygging hússins	bls. 5
Staða verksins	bls. 7
Kostnaðaráætlun	bls.8
Sjálfboðavinna	bls.8
Bakland Vatnaskógar	bls.9
Fjáröflun	bls.9
Lokaorð	bls.9

Vatnaskógur - nokkrar upplýsingar

Vatnaskógur er æskulýðsmiðstöð KFUM og KFUK.

Vatnaskógur hefur verið starfræktur síðan 1923 en þá kom fyrsti hópurinn fótgangandi frá Reykjavík. Síðan þá hefur mikil uppbygging átt sér stað og má þar nefna:

- Gamli skáli (svefnskáli, samveruaðstaða), reistur á árunum 1939 - 1943.
- Skógrækt hófst árið 1949.
- Kapellan í Vatnaskógi var vígð árið 1949.
- Íþróttasvæði var tekið í notkun árið 1954 og endurgert árið 1990.
- Bátaskýli var tekið í notkun árið 1962.
- Matskálinn, reistur árið 1968.
- Íþróttahús staðarins, byggt á árunum 1974 - 1993.
- Lerkiskáli (starfsmannahús) byggður árið 1982.
- Birkiskáli (svefnskáli fyrir dvalargesti) var byggður á árunum 1995 - 2000.



Æskulýðsmiðstöðin Vatnaskógur - hið nýja hús tengist Birkiskála I

Uppbygging Vatnaskógar

Í Vatnaskógi er gistirými fyrir liðlega 100 manns. Rúmlega 60% dvalargesta gista í Birkiskála sem tekinn var í notkun árið 2000. Tæplega 40% dvalargesta gista í Gamla skála sem tekinn var í notkun árið 1943. Eftirlitsaðilar hafa gert athugasemdir við ástand Gamla skálans. Í þeim athugasemdum kemur fram að mikilla úrbóta sé þörf eigi hann að standast þær kröfur sem gerðar eru í dag til húsnaðis þar sem börn dvelja m.t.t. brunaöryggis, vetrarnotkunar og fleiri þátta. Með það að leiðarljósi var ráðist í byggingu á nýjum skála og höfum við kosið að kalla hann Birkiskála II.



Gamli skáli er elsta hús staðarins (vígður 1943)

Byggingarnefnd

Árið 2007 var skipuð byggingarnefnd en í henni eru: Ársæll Aðalbergsson framkvæmdastjóri Skógarmanna, Ólafur Sverrisson verkfræðingur og formaður stjórnar Skógarmanna, sr. Sigurður Grétar Sigurðsson sóknarprestur og stjórnamaður í stjórn Skógarmanna, og Sveinn Valdimarsson verkfræðingur.

Birkiskáli II

Hið nýja hús, sem er 541m² á einni hæð og tengist núverandi Birkiskála mun skapa mikið hagræði. Í húsinu verður gistiaðstaða fyrir 54 dvalargesti, góð dagstofa sem taka mun liðlega 100 manns, tvær setustofur, vaktherbergi auk þjónusturýmis. Ljóst er að tilkoma hins nýja húss mun gjörbreyta aðstöðu staðarins til þess að taka á móti dvalargestum framtíðarinnar.

Hönnun hússins

Hönnuður hússins:

Magnús Ingi Ingvarsson byggingatæknifræðingur hjá Arkform er hönnuður hússins.

Sveinn Valdimarsson verkfræðingur hjá Mannvit sá um burðarþolshönnun.

Jóhann Tómas Egilsson tæknifræðingur hjá Ferli hf. sá um lagnakerfi hússins.

Fjöl­nir Guðmundsson rafmagnsverkfræðingur sá um hönnun raflagna.



Lóðin áður en framkvæmdir hófust

Bygging hússins

Árið 2007: Hönnun hússins, grafið fyrir grunnni í árslok.

Um sumarið og haustið var unnið að hönnun hússins og í desember hófst jarðvinna og var unnið með hléum fram á vor við að gera lóðina tilbúna til að hefja byggingarvinnu.



Jarðvinnu lokið

Árið 2008: Bygging hússins hefst, grunnur.

Í byrjun júlí árið 2008 hófst vinna við grunn hins nýja húss. Tveir smiðir stýrðu verkinu og sjálfboðaliðar komu töluvert við sögu. Um haustið var lögð hitalögn, gólfplatan steipt og síðan var gert hlé á verkinu.



Gólfplatan steypð þann 17. okt. 2008

Árið 2009: Húsið reist, grind og húsinu lokað og fullfrágengið að utan.
Í mars hófst vinna við að reisa veggj og síðan þak hússins. Gekkt verkið vel og í júlí var húsið einangrað og lagt í gólfíð.



Húsin tengd saman (maí 2009)

Árið 2010: Húsið klætt að utan og innréttingavinna hófst. Enn var sá háttur hafður á að fagmenn drifu verkið áfram og stýrðu hópi sjálfboðaliða. Um haustið var framkvæmdum slegið á frest þar til fjármögnun fyrir næstu skref var tryggð.

Árið 2011: Haldið var áfram við innréttingar en framkvæmdir lágu þó að mestu niðri vegna fjárskorts.

Árið 2012: Haldið áfram að innrétta þann hluta hússins sem er næstur eldra húsi.

Árið 2013: Lokið var við að innrétta þann hluta sem er næstur eldra húsi en um er að ræða 4 herbergi, þvottahús, salerni og geymslur.

Árið 2014: Veggir klæddir í sal hússins sem er liðlega 120 m². Frágangur á innréttingum er eftir og loft og gólf eru ófrágengin.

Staða verksins

Árið 2015: Hafist var handa við að innrétta þau 8 herbergi sem sem eftir eru en þau eru í vesturálmu hússins. Töluvert af frágangsvinnu er eftir m.a. rafmagn, pípulögn, ofl. Þá er frágangur lóðar eftir.



Innréttingavinna er nú framundan í hinu nýja húsi



Birkiskáli II

Gjöld:

Byggingarkostnaður frá 2007 til 2014 er kr. 94 millj.
Samtals mun húsið kosta um 139 millj.

Tekjur:

Styrkir*, gjafir** og fjáröflun*** fyrri ára: kr. 94 millj.
Styrkir*, gjafir** og fjáröflun*** 2015: 15 millj.
Styrkir*, gjafir** og fjáröflun*** 2016: 15 millj.
Styrkir*, gjafir** og fjáröflun*** 2017: 15 millj.
Styrkir*, gjafir** og fjáröflun*** Samtals: kr. 139 millj.

* Styrkir Reykjavíkurborgar 2008 og 2009 var kr. 56 millj. auk hafa Kirkjuráð, Landsmótssjóður Menntamálaráðuneytisins og fleiri stutt við verkefnið. Einnig Bakland Vatnaskógar þar sem gamlir Vatnaskógardrengir sem hafa leitað til nokkurra fyrirtækja um árlegan stuðning við verkefnið.

** Fjölmargir einstaklingar hafa stutt starfið með framlögum, stórum og smáum.

*** Ýmsar fjáraflanir, línuhappdrætti, kvöldverður, tónleikar, kaffisala, ofl.

Kostnaðaráætlun

Áætlaður kostnaður við að ljúka við húsið:

Frágangur á sal, anddyri og þjónusturými: kr. 7 millj.

Innrétting á 8 herbergjum í vesturálmu kr. 15 millj.

Frágangur á lóð stéttar, ofl. kr. 7 millj.

Tæki, stólar, bekkir, áhöld. kr. 6 millj.

Samtals kr. 45 millj.

Sjálfboðavinna

Mjög mikilvægur liður í starfsemi Skógarmanna hefur verið fólgin í því að fá menn til starfa sem tilbúnir eru að gefa vinnu sína fyrir Vatnaskóg. Þar er um að ræða einstaklinga og einnig verktaka sem gefið hafa vinnu og afnot af tækjum í þágu starfsins.

Bakland Vatnaskógar

Nokkrir eldri Vatnaskógardrengir hafa tekið sig saman og standa fyrir söfnun meðal fyrirtækja. Hefur söfnunin gengið vel og allnokkur fyrirtæki lagt verkefninu lið.

Fjáröflun

Skógarmenn standa fyrir fjáröflun af ýmsu tagi. Má þar nefna: Línuhappdrætti, styrktarkvöldverð og styrktartónleika.



Innréttingavinna í hinu nýja húsi



Dæmi um fullbúið herbergi



Vatnaskógur hefur miklu hlutverki að gegna fyrir æsku landsins og verður gildi þess forvarnarstarfs sem þar er unnið seint metið til fulls. Mikil starfsemi fer fram í Vatnaskógi allt árið um kring. Síaukin eftirspurn frá skóla- og fermingahópum hafa gert vetrarnotkun að mikilvægum þætti í starfsemi Vatnaskógar. Verkefnið bíða, fjár er þörf.

Ársæll Aðalbergsson
framkvæmdastjóri Vatnaskógar